



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Í skólabyrjun
- Skólafatnaður
- Skólaakstur
- Skólareglur
- Tékknesk aðstoð í dönsku !!
- Heilsdagsskóli
- Bókasafn
- Tónmennt
- Árgangastjórar
- Bílastæði
- Skólasöngur
- Skólaheiti
- Samgönguvika

Í skólabyrjun

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Fyrstu vikur skólaársins hafa farið vel af stað í Áslandsskóla.

Gífurleg aukning nemenda er áberandi í skólanum okkar. Nú stunda um 440 nemendur nám við skólann en þeir voru alls 330 er sumarleyfi nemenda hófst sl. vor.

Með naumindum hefur tekist að koma öllum bekkjardeildum fyrir í húsnæði okkar en skv. framtíðarskipulagi skólamála á Völlum er gert ráð fyrir því að yngstu nemendunum verði kennt á Ásvöllum haustið 2005. Kennsla í Ásvallaskóla á síðan að hefjast haustið 2006

Að mörgu er að hyggja er skólahlæð hefst að hausti.

Nokkrir nýir kennarar hafa bæst í hópinn, nýir aðrir starfsmenn og svo auðvitað fjölmargir nýir nemendur. Allan þennan stóra hóp bjóðum við hjartanlega velkominn í skólasamfélagið okkar hér í Áslandi.

Sumir hverjir eru nú að hefja skólagöngu sína og það hlýtur að vera tilhlökkunarefni að ganga í jafn glæsilegan skóla sem Áslandsskóli sannarlega er. Því er mikilvægt að innra starf hans sé líka glæsilegt og að allir leggi

metnað sinn í að svo verði.

Reyndar eru nemendur í 1. bekk hvergi jafnfjölmennir og hér í skólanum okkar og því ljóst að öll þurfum við að sýna hjálpssemi og samkennd svo aðlögun þeirra að daglegu skólalífi verði með jákvæðum hætti.

Það þurfa allir að hjálpast að við að búa til góðan skóla þar sem vellíðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur eru í forgrunni. Samstarf heimila og skóla verður að vera traust og með jákvæðum hætti og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans.

Þá er einnig lyklatríði að nemendur temji sér náms- og vinnuaga og að faglegur metnaður ríki meðal starfsmanna skólans.

Jákvætt skref hefur verið stigið varðandi sérfræðipjónustu skólanna með þeim hætti að skólasálfræðingar hafa nú aðsetur úti í skólunum. Anna Björnsdóttir sem verið hefur skólasálfræðingur Áslandsskóla helgar nú leikskólum sveitarfélagsins krafta sína. Önnu er þakkað frábært starf og einstök samvinna. Við starfi hennar tekur Edda Vikar Guðmundsdóttir og verður hún með aðsetur í skólanum á þriðjudögum og fimmtudögum í

vetur. Undirritaður þekkir vel til Eddu og ljóst er að fyrst leysa þurfti Önnu af hólmí gátum við vart verið heppnari.


Um leið og ég óska starfsfólki, nemendum, forráðamönnum velfarnaðar á því skólaári sem nú er farið af stað vil ég minna okkur öll á að allir eiga rétt á því að vera þeir sjálfir. Við þurfum að hugsa vel um hvort annað, bera virðingu hvort fyrir öðru og hjálpast að við að gera góðan skóla enn betri.

Því nú hef ég fundið nýjan vin með næma sál og hjarta. Og ávallt meðan ég andan dreg áttu pláss í mínu hjarta.

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)



Skólaakstur



Eins og áður er getið hefur orðið gífurleg fjölgun nemenda í skólanum okkar.

Það hefur áhrif á ýmsa þætti í skipulagi skólans, m.a. skólaakstur.

Sérstakur skólabíll fer úr Vallarhverfi á morgnanna og yngstu nemendunum er ekið til baka er skóla lýkur.

Þessi akstur bætist auðvitað við akstur að Ásvöllum og Suðurbæjarlaug.

Sérstakur reglur verður að hafa í

huga þegar umgengni um skólabílinn er annars vegar.

Almennar reglur vegna skólabílsins til og frá Áslandsskóla:

- Nemendur eiga ávallt að vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur í hlað.
- Nemendur mega ekki hlaupa að bílnum þegar hann kemur akandi heldur að bíða í röð þar til hann stansar (hætta er á að þeir sem fremstir eru geti dottið og runnið undir bílinn).
- Nemendur eiga að nota tiltæk öryggisbelti í skólabílnum samkvæmt lögum. Það á ekki bara við um yngstu börnin að nota belti

heldur alla sem ferðast með skólabílnum.

- Nemendur eiga að sýna samferðafólki kurteisi og tillitssemi.
- Nemendur mega ekki neyta matar og drykkjar í skólabílnum.
- Nemendum ber ávallt að ganga vel um skólabílinn, t.d. það að vera með fætur uppá sætum er stranglega bannað.
- Nemendur mega ekki standa upp fyrr en bíllinn hefur stöðvað. *Tökum höndum saman og virðum reglurnar því þá tekst okkur í sameiningu að láta allt ganga vel og minnka slysaþættu. Einnig er mikilvægt að umgengni verði til fyrirmyndar.*

Skólafatnaður

SKÓLASÖNGUR

*Í Áslandsskóla öll við læra viljum
Í Áslandsskóla erum stillt og hljóð
Okkar nýju skólareglur skiljum
Skulum vera bæði góð og fróð*

*Í Áslandsskóla öll við ábyrgð berum
Á okkar hegðun hvar sem förum við
Að kynnast lífi í öðrum löndum erum
Lífi barna er biðja öll um fríð*

Á aðalfundi foreldrafélags skólans á vordögum var ákveðið að skipa nefnd til að fara yfir skólafatnaðarmálin.

Nefndin hittist á sumarmánuðum og útboð fór fram.

Nýr skólafatnaður var mátaður á dögnum. Flíspeysur frá 66° norður lögðust vel í


mannskapinn en fyrirtækið útvegaði einhverra hluta vegna ekki buxur þær sem rætt hafði verið um.

Fatanefnd skólans fundaði í kjölfarið og fór á stúfana hvað buxur varðar.

Ákveðið hefur verið að taka tilboði HEXA með finar buxur þaðan.

Þær koma um 20. október og koma til með að kosta 3.400.- krónur.

Nú er svo komið að nánast allur nemendahópurinn frá 1.-10. bekk hefur mátað og biður spenntur eftir að fatnaðurinn komi í skólann.



Tékkneskur aðstoðarkennari í dönsku !!!!!

Þið ráðið því auðvitað sjálf hvort þið trúið því eður ei en í Áslandsskóla er nú tékkneskur aðstoðarkennari í dönsku.

Áslandsskóli sótti um svokallaðan Socrates styrk til að fá aðstoðarkennara í tungumálum við skólann. Styrkurinn var veittur skólanum

til þriggja mánaða.

Því er Vendula Hingarova frá Prag í Tékklandi nú að aðstoða nemendur Áslandsskóla í dönsku. Aðstoðar hún dönskukennara skólans við kennsluna og fræðir jafnframt nemendur um heimahaga sína.

Vendulu bjóðum við hjartanlega velkomna en hún dvelur hér hjá okkur fram í nóvember.

Bílastæði - gangbraut

Forráðamenn sem aka nemendum í skólann á morgnanna eru beðnir að gæta vel að því hvar þeir leggja bílum sínum.

Einhverjir hafa lagt beint fyrir framan skólann og nú þegar fer að dimma verður erfiðara að sjá nemendur sem ganga yfir á gangbrautinni fyrir framan skólann.

Mikilvægt er að forráðamenn

nýti bílastæðin og fylgi síðan börnunum að skólanum ef slíkt er nauðsynlegt.

Einnig er rétt að ítreka það við nemendur að nota gangbrautir þær sem liggja á leið þeirra að skólanum.

- hressing en ekki — verður

Að gefnu tilefni viljum við benda forráðamönnum á að nemendur eiga að borða morgunverð heima fyrir áður en lagt er af stað í skólann.

Í skólanum er morgunhressing, alls 10 mínútur, og þá þýðir ekki að vera með nokkurs konar hlaðborð. Ekki gefst tími til slíkra átaka í skólanum. Sníðið því nesti eftir ofangreindu, þ.e. drykkur eða ávöxtur.

Nemendur mæti fyrir í skólabílinn

Nemendur á leið í skólaíþróttir og sund verða að mæta tímanlega í röð til að fara í skólabílinn. Nokkuð hefur borið á því að nemendur hafi verið seinir við upphaf skóladags og misst þar af leiðandi af bílnum. Billinn fer af stað 15 mín fyrir skráðan tíma og því mikilvægt að allir séu mættir stundvíslega.

Samgönguvika

Áslandsskóli er þátttakandi í evrópsku samgönguvikunni 16.-22. september n.k.

Markmið vikunnar er að vekja almenning til umhugsunar um umferðarmenningu í víðasta skilningi.

Lögð verður áhersla á mikilvægi þess að skapa betra aðgengi m.a. fyrir gangandi

vegfarendur, hjólríðafólk og fatlaða.

Hver skóli hefur ákveðin sérverkefni úr að velja og hefur verið ákveðið að Áslandsskóli einbeiti sér að gönguleiðum í nágrenni skólans.

Þannig munu umsjónarkennarar ganga með nemendum sínum um hverfið,

til að mynda ættar 1. bekkur að ganga til og frá íþróttamiðstöðinni á Ásvöllum svo nemendur átti sig betur á því hvaða leið er hentugust.

Gott væri ef forráðamenn ræddu í þessari viku sem og öðrum um hættur í umferðinni ásamt gangbrauta- og endurskinsnotkun.

Farið verður yfir helstu gönguleiðir til og frá skóla í Evrópsku samgönguvikunni.

Beslan

Á dögnum voru nemendur skólans kallaðir á sal. Þar héldu Leifur skólastjóri og Sr. Carlos sóknarprestur stutta tölu, þeirra sem létust í umsátrinum við skólann í Beslan í Rússlandi var síðan minnst með einnar mínútu þögn.

Gideon

Fulltrúar Gideon félagsins komu í skólann í vikunni og afhentu nemendum í 5. bekk Nýja Testamentið að gjöf.

Heimsókn þessi er árlegur viðburður í Áslandsskóla.

Kunnum við þeim félögum bestu þekkir fyrir.

Alþjóðlegt samstarf í ensku

Áslandsskóli fékk á dögnum styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Comenius, svipaðan og getið er um hér á síðunni til hliðar, um samstarf í ensku.

Skólar í Tyrklandi, Hollandi, Ungverjalandi, Póllandi og svo Áslandsskóli eru að fara af stað með þriggja ára verkefni er tengist enskunámi.

Af þeim sökum munu Jenný Berglind Rúnarsdóttir enskukennari og Björk Einisdóttir námsráðgjafi halda til Istanbul til fundar við samstarfsaðila í október.

Snemma í háttinn hress og kát í skólanum

Þann 1. september breyttist útvistartíminn og börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20:00.

Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglingadeildum grunnskóla mega vera úti til kl. 22:00.

Foreldrar hafa auðvitað fullan rétt á að stytta þennan útvistartíma og margir hafa gert það, sérstaklega foreldrar barna í 8. bekk.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru hvattir til að virða reglur um útvistartímann. Börnin þurfa sinn svefn og mæta iðulega snemma í skólann. Hlúa þarf að heimalærdómi og gott er að eiga samverustundir inni á heimilinu á kvöldin.

Hinsvegar hafa íþróttafélög og æskulýðsstarf Hafnarfjarðar undanþágurétt gagnvart þessum reglum en ljóst er að tilefni til undanþágu verða æ fátiðari. Þó eru félagsmiðstöðvar opnar á föstudagskvöldum en þá er engin skóli daginn eftir.

Tónmennt kennd í Áslandsskóla að nýju

Við í Áslandsskóla erum svo lánsöm að hafa fengið tónmenntarkennara til okkar í skólann.

Díana Ívarsdóttir er nýr tónmenntarkennari í skólanum og kennir hún öllum árgöngum skólans.

Í yngri og miðdeild er um beina tónmenntakennslu að ræða sem er hluti af lotukerfinu okkar.

Í unglingadeild er hins vegar um að ræða söngleikjaval. Því lýkur með því að nemendur sýna söngleik á menningardögum og/eða árshátíð skólans.

Sannarlega gaman að söngur hljómi á nýjan leik í fjallinu fagra.

Bókasafnið Hjarta skólans

Bókasafnið okkar er loks að vakna til lífsins. Guðrún Einarsdóttir bókasafnsfræðingur vinnur nú hörðum höndum við að raða upp bókum og merkja.

Útlán er að hefjast ásamt því sem bekkir eru byrjaðir að koma og læra á safnið.

Nemendur í unglingadeild fá sérstakar kennslustundir í upplýsingaleit og vinnu tengda öflun heimilda.

Bókasafn er ávallt hjarta skóla sem okkar og því er það mikið gleðiefni að það sé nú að komast í gagnið.

Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið fyrir forráðamenn nemenda í 1. bekk er nú í undirbúningi. Þetta er tveggja kvölda námskeið þar sem farið verður yfir mikilvæg atriði er snerta upphaf skólagöngu.

Áslandsskóli leggur mikla áherslu á gott samstarf við forráðamenn og að allir hafi þá tilfinningu að þeir séu velkomnir í skólann.

Stefnt er að því að námskeið þetta verði haldið 27. og 29. september. Það verður nánar auglýst síðar.

Árgangastjórar

Árgangastjórar á skólaárinu verða fjórir talsins.

Rannveig Hafberg er árgangastjóri í 1. og 2. bekk.

Hulda Gunnarsdóttir er árgangastjóri í 3. og 4. bekk.

Auður Óskarsdóttir er árgangastjóri í 5.—7. bekk.

Kristín Jóna Magnúsdóttir er árgangastjóri í 8. –10. bekk.

Skólaheiti

Ég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.

Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum mér og öðrum.



Kríúási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandss@ismennt.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri